


DALALÆÐAN

1.tbl. 11.árg. febrúar 1998.



Helgufoss í Bringum. Teikningin er gerð af erlendum
ferðamanni sem hér var á ferð seint á 18. öld.
Úr bókinni *Íslandsletðangur* Stanleys 1789.

Leiðari

Eins og dyggir lesendur Dalalæðunnar taka eftir hefur útlit og prentgæði blaðsins breyst nokkuð, m.a. eru mun fleiri myndir í blaðinu nú en áður. Vonandi verður þetta fyrir-komulag til frambúðar. En um leið og við horfum til framtíðar og þá tæknilegu möguleika sem hægt er að nýta sér er rétt að hyggja að sögu-legri fortíð okkar allra.

Mosfellsdalur býr yfir sinni sögu eins og reyndar allir partar landsins. Þessi saga er að miklu leyti geymd í prentuðum heimildum og það hefur verið kappsmál blaðsins frá upphafi að tína til ýmsa sögulega fróðleiksmola úr og um dalinn.

En fleira er hægt að nefna til sögunnar því hér mitt á meðal okkar í dalnum eru ýmsar minjar sem hafa sögulegt gildi. Má þar nefna leifar af gömlum þjóðbrautum, mógrafir, seljarústir, stríðsminjar og gömul fornmannaleiði.

Þessar minjar eru allmiklar þegar allt er tínt til og nú hafa erlendir fræðimenn undir forystu fornleifafræðingsins Jesse Byock í hyggju að gera heildarúttekt á forn-minjum í Mosfellsdal. Jesse er sum-um Dalbúum kunnugur frá því hann gerði fornleifarannsóknir á Mosfelli og Hrísrú í fyrir nokkrum árum.

Liklega mun hann og aðstoðar-menn hans hefjast handa á sumri komanda og verður fróðlegt að fylg-jast með framvindu þeirra mála.

Bjarki Bjarnason

DALALÆÐAN 1. tbl. 11. árg. Febrúar 1998.

Útgefandi: Íbúasamtökin Víðhóll í Mosfellsdal.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.
Ritnefnd: Auður Eiríksdóttir, Asgerður
Gísladóttir og Sigurður Skarphéðinsson.
Tölvusetning: Bjarki Bjarnason.
Umbrót: Hlynur Helgason.
Prentun: Prentsmiðjan Oddi.
Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili í
Mosfellsdal og einnig til brottfluttra Dalbúa.

Efni

Merkisafmæli á árinu	3
Daladóttir í erlendri stórborg	4
Gamlar vísur um Mosfellinga	4
Minning Einars Kristjánssonar	6
Nótt	7
Þarna eigum við góðu að mæta	8
Minning Guðjóns Sigurðar Jónssonar	10
Ísland fyrir aldamót	11
Helgufoss	12
Prestssetrið á Mosfelli	13
Ofvitinn á Hrísrú	14
Af kúabúum og útibúum	16
Gamlir munir frá Æsustöðum	17
Spænska veikin í Helgadal 1918	18
Annáll ársins 1997	baksíða

Gróðrastöðin
Grásteinar

Merkisafmæli á árinu

AUÐUR SVEINSDÓTTIR

í Gljúfrasteini verður 80 ára þ. 30. júlí.

GUÐBJÖRG

SIGURJÓNSDÓTTIR

í Reykjadal verður 75 ára þ. 8. júní.

GUÐMUNDUR

SKARPHÉÐINSSON

frá Minna-Mosfelli verður 75 ára þ. 12. ágúst.

EYGERÐUR

INGIMUNDARDÓTTIR frá

Hrísbrú verður sextug þ. 13. mars.

Sömuleiðis verða sextug þau

ERNA TRYGGVADÓTTIR

Árvangi þ. 28. júní,

ANDRÉS G. ÓLAFSSON

á Laugabóli þ. 27. ágúst,

MAGNÚS BJARNASON

frá Hraðastöðum þ. 4. maí,

EINAR JÓN GUÐJÓNSSON

frá Helgadal þ. 8. febrúar

og GUNNAR PÉTURSSON

frá Laxnesi.

Fimmtugir verða:

REYNIR HÓLM

í Víði þ. 28. mars,

EINAR JAKOBSSON

á Norður-Reykjum þ. 8. júní,

ÞÓRÐUR AXELSSON

frá Hraðastöðum þ. 12 júlí og

ÖRN KJÆRNESTED

á Laugabakka þ. 10. nóvember.

Til hamingju gott fólk!

Reykjabúið
SÍMI 566 6800 – FAX 566 8089



Daladóttir í erlendri stórborg

Í miðri Oslóborg eru skiljanlega ekki margar myndastyttur af íslensku fólki. En þegar íslensku forsetahjónin voru þar á ferð árið 1997 gerði forsetafrúin sér sérstaka ferð til að „heimsækja“ gamlan dalbúa. Í Ósló er nefnilega brjóstmynd af Ólafíu Jóhannsdóttur en hún var fædd á Mosfelli árið 1863. Brjóstmyndina gerði Kristinn Pétursson og var hún afhjúpuð árið 1930. Í Ósló-borg er einnig gata sem kennd er við Ólafíu. En hvernig skyldi standa á því að þessi dóttir dalsins er á stalli í erlendri stórborg?



Ólafía var dóttir prestshjónanna Ragnheiðar Sveinsdóttur og Jóhanns Knúts Benediktssonar en hann var prestur á Mosfelli í þrjú ár, 1862 - 1865. Þá fluttu hjónin austur á Kálfafellsstað í Vestur-Skaftafellssýslu en ekki þótt ráðlegt að dóttirin unga færi í svo langt ferðalag. Henni var þess vegna komið í föstur í Viðey og þar ólst hún upp.

Ólafía hlaut þokkalega menntun hér heima á þeirra tíma vísu og hélt síðan utan til náms. Í Noregi kynntist hún Hvítabandinu sem er alþjóðlegur

Ólafía Jóhannsdóttir

bindindis- og mannúðarfélagsskapur kvenna. Hún gerðist félagi í þessum samtökum og beitti sér fyrir stofnun Hvítabandsins hér á landi.

Hún var mikil bindindiskona og í Reykjavík stundaði hún það ásamt fleirum að sitja fyrir mönnum sem ætluðu inn á krár og reyndi að telja

þeim hughvarf! Var hún reyndar ákærð fyrir þessa iðju sína.

Ólafía Jóhannsdóttir gerði víðreist á yngri árum og vakti hvarvetna mikla athygli fyrir mælsku og glæsileika. Hún var náskyld Einari Benediktssyni skáldi; voru þau frændsystkinin æskuvinir og höfðu ófað mikil áhrif á viðhorf hvors annars.

En skömmu eftir aldamótin urðu umskipti í lífi hennar. Hún losaði sig við allt heimsins þrjál og tók þá einarðlegu lífsstefnu að þjóna guði sínum á meðal þeirra sem minna máttu sín. Hún dvaldi í Ósló, sem þá hét reyndar Kristanía, samfleytt á árunum 1903-1921.

Hún tók að sinna sjúkum og föngum og ekki síst auðnuleysingjum götunnar. Einkum sinnti hún afvegaleiddum stúlkum sem höfðu misstigið sig á hálum brautum höfuðborgarinnar. Hún hýsti þær, fæddi og klæddi.

Ólafía þráði sífellt föðurlandið og klæddist iðulega íslenskum búningi á erlendri grund. Árið 1921 varð Íslandsferð loks að veruleika en hún varð fyrir nokrum vonbrigðum með höfuðstaðinn Reykjavík og sagði m.a. í bréfi: „Konurnar ganga, jafnvel þó að þær séu komnar til ára sinna, í gegnsæjum silkisokkum og þunnum blússum - sem betur fer ekki allar. ... Hér er hræðilegt andlegt myrkur, andatrú og guðspeki, ásamt almennri afneitun og vantrú.”

Ólafía Jóhannsdóttir andaðist í janúarmánuði árið 1924. Jarðneskar leifar hennar voru fluttar til Íslands. Hún var mörgum harmdauði og sagt er að þegar fangarnir í norska landsfangelsinu fréttu af dauða hennar hafi þeir farið út í fangelsisgarðinn og búið til

lítinn minningarreit henni til heiðurs með berum höndunum.

Ólafía ritaði allmikið, bæði æviminningar sínar og frásagnir sem tengdust líknarstörfum hennar í Noregi. Hér fyrir neðan er upphafið af einni frásögninni.

Dregin á talar

Það var eitt kvöld seint á þorranum í dimmviðri og þungu lofti að ég lagði af stað að leita að ungri stúlku sem var týnd frá heimili sínu. Móðir hennar var frá sér af harmi yfir að vita dóttur sína komna út í götulífið.

Það hafði snjóað og rignt á víxl allan daginn og forin skvettist um fætur manna. Akurá rann gruggug og mórauð, daunill af öllu sorpvatninu sem hún hafði drukkið í sig alla leið niður eftir bænum og bar nú með sér út í hafið til að hverfa þar.

Ég gekk yfir Vaterlands-torgið og áfram eftir fjölförnum götunum. Konur og karlar stóðu í hópum, köld, drukkin, hrakin. Bleytuna heyrði maður bulla um fæturnar niðri í stígvélaræflunum. Tilsvörin féllu án afláts - eigið orðfæri götulýðsins gall við eyru, hráfyndið, óbilgjarnt en undarlega mergjað. Sumir komu frá veðlánaranum á annarri hæð og skutust fyrir hornið í vínsöluna niðri; sumir stóðu í portinu og drukku.

Ekki fann ég stúlkuna, sem ég var að leita að þá um kvöldið, en ég hitti aðra stúlku og sögu hennar vil ég nú leitast við að segja ykkur ...

Einar Kristjánsson

minningarorð

Einar Kristjánsson var fæddur í Reykjavík 2. október 1926 en hann andaðist þann 4. febrúar s.l. Foreldrar Einars voru Kristján Ebezersson og Sigríður Einarisdóttir en þau eignuðust fimm börn.

Einar var lærður garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði. Að loknu námi stofnuðu Einar og eftirlifandi kona hans, Guðbjörg Kristjónsdóttir, garðyrkjustöð að Reykjadal í Mosfellsdal og þar eignuðust þau þrjú elstu börn sín sem eru Kristján f. 1949, Bryndís f. 1952 og Daði Þór f. 1958.

Yngsta barn þeirra hjóna er Pétur f. 1967.

Einar rak garðyrkjustöð í Reykjadal í 17 ár og gekk þá iðulega undir nafninu Einar í Dal. Haustið 1967 gerðist hann umsjónarmaður skólamannvirkja í Mosfellsbæ og margir minnst Einars húsvarðar í Gagn-

fræðaskólanum. Um svipað leyti flutti hann búferlum úr dalnum og byggði sér nýtt hús að Markholti 13.



Hann bar ætíð hlýjan hug til Dalbúa og skrifaði í grein í Dalalæðunni árið 1991: „... við hjónin og börnin áttum nán samskipti við marga nágranna sem ætíð sýndu okkur velvild og hlýhug. Við eigum margar minningar úr Dalnum. Íbúum Mosfellsdal sendi ég bestu kveðjur.”

Einar stundaði í raun og veru alla tíð rækrunarstörf. Störf hans að félagsmálum, málefnum leikfélagsins í Mosfellssveit, sem þá hét, og síðan áratuga starf með börnum og unglingum við skólana og sundlaugina í Mosfellsbæ muna margir og finna fyrir áhrifum hans nú þegar hann er á braut.

(Byggt á minningagreinum í Mbl.)

TANNLÆKNASTOFA
GUÐJÓNS S. VALGEIRSSOAR
Urðarholti – Sími 566 6992



BÚNAÐARBANKINN

Mosfellsbæ, sími 566 7000

Afgreiðslutími: Mánud.-föstud. kl. 9.15-16.00

Nótt

*Nú ríkir kyrrð í djúpum dal,
þótt duni foss í gljúfrasal.
Í breiðrum fuglar hvíla rótt,
þeir hafa boðið góða nótt.*

*Nú saman leggja blómin blöð,
er breiddu faðm mót sólu glöð,
í brekkum fjalla hvíla hljótt,
þau hafa boðið góða nótt.*

*Nú hverfur sól við segulskaut
og signir geisli hæð og laut,
en aftanskinið hverfur hljótt,
það hefur boðið góða nótt.*

Margir Dalbúar kannast við þetta ljóð en það er sungið undir lagi Árna Thorsteinssonar og stundum kallað „Nú ríkir kyrrð”. Ljóðið var birt í fyrsta tölublaði Dalalæðunnar árið 1987 en er endurbirt hér m.a. vegna þess að lúðrasveit Dalbúa mun leika þennan „þjóðsöng” Mosfellsdals á þorablótinu undir stjórn Þorkels Jóelssonar í Túnfæti.

Höfundur ljóðsins hét Magnús Gíslason og fæddist í Helgadal þ. 29. maí árið 1881. Hann lést árið 1969. Magnús var sonur Gísla Magnússonar og Sigríðar Hannesdóttur sem bjuggu þá í Helgadal. Hann ólst upp í Dalnum til 18 ára aldurs en flutti þá austur í Grafning. Í ljóðinu yrkir hann

um bernskustöðvar sínar í Mosfellsdal.

Ekki var allt á jafnljúfum nótum sem hann orti til bernskustöðva sinna. Honum þótti hálfdaufleg vistin á köflum í Mosfellsdal og þráði menntun og menningarstrauma, sbr. eftirfarandi vísur sem hann orti á unglingsárum:

*Menningar- og menntastraumar
mæða ei fólkið hér.
Það dottar allt og dregur ýsur.
Drottinn hjálpi mér!*

*Ég er eins og fangi á fjöllum,
far á skeri lent.
Útlagi frá allri þekking
ekkert mér er kennt.*

Þrátt fyrir þessi orð tókst honum að menntast. Hann nam ljósmyndaiðn hjá Árna Thorsteinssyni tónskáldi og þannig atvikaðist það að hann tók að sýna Árna ýmis ljóð sem hann átti í handraðanum. Þar á meðal var kvæðið NÓTT og Árni tók kvæðið heim með sér. Skömmu síðar kom hann að máli við Magnús og sagði: „Ég held bara að við höfum samið ágætisverk í sameiningu”. Þarna var komið þetta gullfallega lag sem Dalbúar munu fá að heyra á þorablótinu þann 7. febrúar.

„Þarna eigum við góðu að mæta“

**sagði þýski fræðimaðurinn Konrad Maurer
á leið í Mosfellsdal fyrir 140 árum.**

Í haust kom út merk bók í útgáfu Ferðafélags Íslands, þ.e. *Íslandsferð 1858* eftir þýska fræðimanninn Konrad Maurer. Íslensk þýðing er eftir Baldur Hafstað.

Konrad Maurer var einn af þeim fáu erlendu ferðamönnum á 19. öld sem gat talað lýtalausa íslensku en það stafaði af miklum áhuga hans á íslenskum bókmenntum, tungu og sögu, einkum réttarsögu.

Telja má að hann hafi á vissan hátt verið mikill örlagavaldur í íslenskum stjórnámálum því enginn studdi Jón Sigurðsson betur í þeirri sjálfstæðisbaráttu sem Jón háði í Kaupmannahöfn. Þeir Jón Sigurðsson skrifuðust á og er hægt að lesa bréf þeirra í bréfasafni Jóns.

Það voru margir sem skrifuðu Jóni Sigurðssyni. Þar á meðal voru þjóðsagnasafnararnir Jón Árnason og Magnús Grímsson, sálahirðir Mosfellinga. Þeir báru sig illa og kvörtuðu undan því að landsmenn væru tregir að segja og skrifa niður þjóðsögur. Jón Sigurðsson bar þessa umkvörtun áfram til Konrads Maurer sem tók málið upp á sína arma og beitti sér fyrir því að þeir félagar gætu sinnt söfnun sinni.

En víkjum nú að *Íslandsferð* Maurers. Hann kom til Reykjavíkur þ. 27. apríl 1858. Vorið var kalt og hann hélt kyrru fyrir í bænum í nær tvo mánuði. Þá leggur hann loks á stað og



Konrad Maurer um það leyti sem hann ferðaðist um Ísland

kemur á Þingvelli þann 24. júní. Eftir ferðalag um Suðurland fer hann yfir Sprengisand og síðan vestur Norðurland. Hann er allt sumarið á ferð og ritaði greinagóða dagbók.

Í september er loks haldið aftur

til Reykjavíkur. Maurer og ferðafélagar hans koma ríðandi yfir Svínaskarð þ. 12. september og segir hann þannig frá:

„Við förum nú yfir Leirvogsa og ríðum eftir grasflötum og votlendi á víxl og förum fyrir fremur myndarlegt fell sem rís upp úr miðjum dalnum, Mosfell, sem bærinn og sveitin eru kennd við. Það er tekið að rökkva og klukkan er 8 þegar við sjáum loks kirkjuna og prestssetrið að Mosfelli. Í síðasta sinn hvetjum við hestana sem láta sér það vel líka því þeir finna á sér að hvíldin er á næsta leiti. Þarna eigum við góðu að mæta hjá séra Magnúsi Grímssyni og hinni alúðlegu konu hans.”

Eiginkona Magnúsar var Guðrún, systir Bjarna Jónssonar rektors Lærða skólans. Eftir lát Magnúsar árið 1860 flutti hún að Mógilsá og bjó þar til dauðadags.


Konrad gisti hjá Magnúsi og Guðrúnu í nokkra daga. Af ferðabókinni má ráða að Magnús hefur átt dágott bókasafn sem varðveitt er bæði í bænum og á kirkjuloftinu. Mosfellskirkja var þá nýbyggð, reist 1852, en niðurrif hennar olli harkalegum deilum 30 árum síðar eins og lesa má í Innan-sveitarkroniku Halldórs Laxness.

Á meðan Maurer dvelur á Mosfelli sökkvir hann sér niður í óprentaðar ritgerðir eftir sóknarprestinn, m.a. um rúnir. Magnús skrifaði einnig mikla ritgerð um staðfræði í Egils sögu og prentuð var í „Safni til sögu Íslands og íslenskra bókmennta“ eftir hans dag.

Þeir fræðimennirnir eru uppteknir af samræðum langt fram á nætur. Konrad stappar stálinu í Magnús og hvetur hann að herða sig í þjóðsagna-

söfnuninni en eftir að Jón Árnason og Magnús höfðu gefið út lítið þjóðsagnakver árið 1852 hafði söfnunin legið að miklu leyti niðri. Þess má hins vegar geta að þegar þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar kom út í fyrsta sinn var það tileinkað Konrad Maurer.

Áður en Maurer heldur til Reykjavíkur fara þeir Magnús í skoðunarferð á Kjalarnes og koma við hjá Símoni Jónssyni bónda á Hrísrú en hann var sjálfmenntaður stærðfræðingur. Frá þeirri heimsókn segir á öðrum stað í Dalalæðunni.



Guðjón Sigurður Jónsson frá Helgadal

Minningarorð

Guðjón Sigurður Jónsson fæddist á Mosfelli í Mosfellsdal þ. 10. janúar árið 1902. Hann var sonur hjónanna Jóns Jónssonar og Ingibjargar Jónsdóttur sem eignuðust alls 16 börn en Guðjón Sigurður var næstelstur sinna systkina.

Fjölskyldan fluttist í Helgadal vorið 1905 og þar byrjaði Guðjón Sigurður snemma að vinna að hústörfum. Faðir hans lést í spönsku veikinni eins fram kemur á öðrum stað í blaðinu en þá voru systkinin í Helgadal tólf en fjögur börn létust í fæðingu eða frumbernsku.

Guðjón Sigurður rak búið ásamt móður sinni en hann tók alfarið við jörðinni árið 1927. Sama árið kvæntist hann Guðlaugu Einarsdóttur frá Norður-Reykjum og eignuðust þau einn son, Einar f. 1938. Guðlaug lést árið 1949.

Árið 1950 kvæntist Guðjón Sigurður öðru sinni. Seinni kona hans var Jónína Kristín Magnúsdóttir, ávallt kölluð Lillý í Helgadal. Þau eignuðust eina dóttur, Puríði f. 1950 en hún býr í Skotlandi.

Strax á unga aldri mæddi mikið á Sigurði í Helgadal eins og hann var ætíð nefndur. Hann var aðeins 17 ára


þegar hann missti föður sinni og helgaði sig búskapnum en þá var torfbær í Helgadal. Sigurður lagði mikinn metnað í að byggja jörðina upp og átti þar ómæld handtökin.

Þar kom að hann brá búi árið 1966 og flutti þá um hríð að Laugabóli og hóf jafnframt störf í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi, starfaði þar við smíðar. Sigurður var sístarfandi og sat aldrei auðum höndum þar til heilsan brast. Eftir að hann hætti í Áburðarverksmiðjunni dundaði hann sér við smíðar heima við en

seinasta hluta ævi sinnar bjó hann í Kópavogi og þar andaðist hann þ. 18. september síðastliðinn.

Sigurður var rólegur og fagaður maður sem hélt reisu sinni vel alla tíð. Hann munaði ekki um, þótt hann væri orðinn 85 ára gamall, að vinna að byggingu sumarbústaðs í Helgadal ásamt syni sínum. Honum var alla tíð hlýtt til dalsins góða þar sem hann fæddist fyrir 95 árum.

(Byggt á minningagreinum í Mbl.)





Ísland fyrir aldamót

Frank Ponzi í Brennholti sendi frá sér stórmerkilegt rit árið 1995 sem ber heitið ÍSLAND FYRIR ALDAMÓT en þar er gerð ítarleg grein fyrir ljósmyn-
dum sem hann fann fyrir tilviljun í Englandi.

Myndirnar voru teknar af
enskum laxveiðimönnum sem hér

voru á ferð seint á 19. öld. Þeir gistu
m.a. í kirkjunni á Mosfelli sem sköm-
mu síðar varð fræg um allt land svo
sem kunnugt er.

Í meðfylgjandi mynd er verið að
klippa annan ferðalanginn fyrir utan
Mosfellskirkju og glittir í hlíðar
Grímmannsfells til hægri.



Ingá Elín

Vinnustofa Álafossvegi 18
Gallerí Skólavörðustíg 5

Helgufoss

Íhugulir Dalbúar hafa að undanfögnu tekið eftir framkvæmdum í Bringum ofan Mosfellsdals. Þar hefur gamli vegurinn að Bringum verið byggður upp vegna línulagningar yfir Mosfellsheiði.

En undir vinnuvélagnýnum niðar hógvæð foss niðri í Köldukvísl. Hann heitir Helgufoss og kemst nánast í alfaraleið með þessum nýja vegi. Skammt frá fossinum eru Helguhöll, Helguhvammur og Helgusel en það tilheyrði Mosfelli á fyrri tíð.

En hver var þessi Helga sem þessi örnefni eru kennd við? Það virðist hafa verið gömul þjóðtrú í Mosfellsdal að þessi nöfn megi rekja til búsetu Helgu Bárðardóttur þar. Bárðarsaga, sem er ein af Íslendingasögum, segir frá Helgu Bárðardóttur. Hún lenti í miklum hremmingum og ástarsorg og segir í sögunni:

„Eigi undi Helga hjá föður sínum og hvarf þaðan í burt og þýddist hvorki nálega menn né fænað eða herbergi. Var hún þá oftast í hreysum eða hölum. ... Hún fór víða um Ísland og festi hvergi yndi.”

Magnús Grímsson sóknarprestur á Mosfelli 1855-1860 segir frá þessu svæði í grein sem hann ritaði á sínum tíma. Hann skrifar:


„Víða finnast gamlar seljarústir uppi í heiðarlandi Mosfells sem nú er. Þó eru engar þeirra eins gamlar og rústir hins svokallaða Helgusel. Það hefur staðið norðan undir miðju Grímmannsfelli, undir hárrí og fagurri brekku niður við Köldukvísl, á norðurbakka hennar. Eru þar seljarústir miklar til og frá í hvamminum og er auðséð að þar hefur verið mikið umleikis. Segja sumir að Helga, dóttir Bárðar Snæfellsáss, hafi hafst hér við um hríð og við hana sé selið kennt. Foss er þar í ánni skammt fyrir ofan selið, hár og fagur sem heitir Helgufoss og blasir hann við selinu.

Framundan selinu er hamrahöll allmikill, hér um bil þriggja til fjögurra faðma hár, toppmyndaður. Stendur hann einstakur á sléttu fram við ána sjálfa. Hann heitir Helguhöll og á Helga að hafa gengið í hann í elli sinni og aldrei komið út aftur. Hvammurinn allur, sem selið hefur verið í, er kallaður Helguhvammur. Hefur hann nú misst mikið af fegurð sinni því bæði hefur runnið á hann grjót og sandur og víða er svörðurinn einnig blásinn í burtu.”



ABSALON
Hársnyrtistofa

Urðarholti 4 - Sími 566 8500



Prestssetrið á Mosfelli

Prestssetrið á Mosfelli var jafnað við jörðu síðastliðið haust en nokkrar deilur höfðu risið um niðurrif hússins og byggingu nýs prestsbústaðar á Mosfelli. Gamla húsið, sem hvarf á örfáum dægum undir septembersól, var tekið í notkun árið 1960 en þá

höfðu Mosfellsprestar búið í húsi sunnan við Köldukvísl um 30 ára skeið. Mosfellshúsið var þrýlt og á myndinni er aðeins kjallarinn ofar jörðu. Mosfellskirkja og kirkju-garðurinn í baksýn.

(Ljós. Halldór Þorgeirsson.)



KJARNI • Þverhol 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 500 8900 • Fax 500 8904

Ofvitinn á Hrísrú

Símon Jónsson

Á öllum tímum hafa verið uppi menn með óvenjulegar gáfur eða næmleika að læra hluti sem ekki eru taldir vera hagnýtir í daglegu lífi. Tiltölulega sjaldan hafa gáfumenn þessir haft tækifæri til að nota þessar óvenjulegu gáfur, þeir verða oftast að athlægi og spotti meðal samferðamanna sinna.

Mosfellsdal prýddi einn svona sérvitringur um miðja 19. öld. Hann hét Símon Jónsson, var bóndi á fátækasta kotinu í Dalnum, Hlaðgerðarkoti, en fluttist síðar að Hrísrú. Hann er fluttur þvert yfir Dalinn á Hrísrú fyrir 1855 en þá er hann sagður í manntali þá um haustið 54 vetra, fæddur í Hólasókn í Norðuramti. Atvinna hans er sögð bóndi, vefari og húsbóndi. Kona hans var 15 árum eldri, Anna Rósa Helgadóttir, fædd í Glæsibæjarsókn í Eyjafirði. Þau eiga eina dóttur, Rósu og er hún 22ja vetra í manntali þessu, fædd í Hofssókn fyrir norðan. Ekki er Símon né fjölskylda hans á manntali 1835 í Mosfellssveit, þannig að þau flytja síðar í sóknina. Auk þeirra er Jón Eiríksson 14 vetra léttadrengur á bænum, fæddur í Mosfellssókn.

Á hinum Hrísrúarbænum er sömuleiðis 4 manns: Eiríkur Guðmundsson, 66 ára, kona hans er Guðrún Kjartansdóttir 53ja ára og það er einnig heimasæta á bænum, Halldóra sem er 12 vetra. Auk þeirra er eins árs tókubarn, Ragnheiður Gísladóttir. Voru þau Eiríkur og Guðrún Sunnlendingar en börnin voru bæði

fædd í Mosfellssókn.

Síðastliðið sumar kom út merk bók „Íslandsferð 1858“ eftir þýska réttarsöguprófessorinn Konráð Maurer. Hér á eftir fer stuttur kaflí úr bók þessari þar sem sagt er frá Símoni :

„Bóndinn Símon Jónsson á Hrísrú var athyglisverður persónuleiki. Eins og margir íslenskir bændur sinni hann fræðistörfum, þó aldrei hefði hann setið á skólabekk. Það var einkum stærðfræði sem hann einbeitti sér að og var hann talinn mestur stærðfræðingur ólærðra manna þegar undanskilinn er Jón Bjarnason í Húnavatnssýslu Oft kom hann til Reykjavíkur til að leita ráða hjá hinum lærða Birni Gunnlaugssyni og hjá honum lærði hann m.a. meðferð logaritma.“ (Bls. 385-386)

Í þjóðskjalasafni eru margvíslegar heimildir úr Mosfellssveit og þar má rekast á Símon:

„Hann var með allan huga á bókum og reikningsþrautum en hirti lítið né hafði vit á daglegum störfum, er hann þó varð að eiga við vegna lífsframdráttar, sífellt í basli og blárri fátækt.“

Á báðum býlunum sem hann bjó á voru túnin kargaþýfðir móar er vart fódruðu meira en eina kú. Þá er hann bjó í kotinu átti hann 20 kindur. Eitt sinn litlu eftir fráfarur hafði þeim að morgni verið hleypt út fyrir túnið eða upp í Skammaskarð. Smalapiltur fór að sækja þær til mjalta. En húsbóndinn

sat inni við bóklestur að vanda. Hann þurfti þá að ganga út en sá nú að 4 eða 5 ær voru komnar í túnið. Hann fór því að víkja þeim úr túninu en vegna þess að molluveður var og dálítill fluga (mýbit) hlupu ærnar inn í opinn kofa í túnfætinum. Símon byrgði þær þar inni til að hafa þær þar vísar er hinar kæmu. Svo fór hann aftur að bókinni og gleymdi ánum. Er smala-pilturinn kom heim vantaði hann af ánum, þær er Símon lét í kofann. Var þeirra nú leitað, maður fenginn til að ríða upp um fell og Mosfellsheiði en hvergi fundust ærnar. Leið svo sumar-ið. Að áliðnu sumri var Símon aftur að lesa í bókinni sem fyrr og er hann kemur þar að þar sem hann hafði lesið þá hann byrgði ærnar inni, segir hann: „Og ærnar standa í kofanum“ Var þá gætt í kofann en þar stóðu þær ekki heldur lá þar beinahrúga!

Á Hrísbúru voru tveir bæjakofar, hvor fyrir sinn ábúandann. Vatnsbólið er lind niður frá bænum. Var bær Símonar nær lindinni. Eitt sinn varð honum reikað út, kom kýr hans á móti honum frá vatnsbólinu og vildi inn í fjósið. Varnaði Símon henni inngöngu, hélt hana eiga heima í hinu fjósinu. Kemur þá kona að og segir: „Því lofar þú kúnni þinni ekki inn?“ „Nú er það kýrgreyið mitt?“ segir Símon því ekki þekkti hann sína eigin kú.

Þegar timburkirkjan var byggð á Mosfelli 1852 og verið að smíða innviði hennar fór Símon til Mosfells því hann var að eðlisfari forvitinn og vildi vita allt. Gekk hann austur fyrir kirkjuna, mældi með faðmi og augn-máli kirkjugaflinn, gekk síðan inn í kirkjuna, náði þar í fjöl og blýant hjá smiðunum og tók að reikna. Eftir

dágóða stund segir hann hve margra punda loftþrýstingur liggi nú á kirkjugaflinum!

Eitt sinn sendi Símon reiknings-dæmi til Björns kennara við Latínu-skólann Gunnlaugssonar, „manninum með barnshjartað“, eins og hann var lengi vel nefndur. Síðar hittust þeir spekingarnir og er Símon hafði sagt til sín, svaraði Björn: „Nú, er það maður-inn sem sendi mér stóra reiknings-dæmið?“ Hefur honum fundist mikið til þessa búskussa úr Mosfellsdal koma, miklir gáfumenn meta aðra að verð-leikum eftir því hversu þeir eru vel að sér í sömu fræðum. Frægt var hvernig Jón rektor Þorkelsson mat menn þegar hann sagði um einn fyrrum nemanda sinn: „Hann fékk „laud“ (besta einkunn) í latínu, - lítur út fyrir að vera besta mannsefni“.

„Af Símoni í Hlaðgerðarkoti, síðar Hrísbú“ Björn Bjarnarson: „Sagnir ljóð og“ IV.bindi : 82-89. Þjskjs.: Einkaskjalasafn E.16

Guðjón Jónsson

MF

Sigurður Skarphéðinsson
Grænumýri 5 – Sími 566 7217

Ísfugl

Af kúabúm og útibúm

Undanfarin ár hefur það verið haft á orði að kúabúin og bankaútibúin séu jafnmörg í sveitarfélaginu en á Hrísbú og Minna-Mosfelli voru einu kúabúin í Mosfellsbæ um alllangt skeið. Nú hafa bankaútibúin náð yfirhöndinni því fyrir nokkrum árum var búskap hætt á Minna-Mosfelli og Guðmundur Skarphéðinsson bóndi þar hefur flutt búferlum úr dalnum.

Af því tilefni skulu rifjuð upp nokkur atriði úr búskaparsögu Minna-Mosfells. Heimildir um jörðina eru stopular lengi framan af og ekki fullljóst hvenær Minna-Mosfell verður sjálfstæð bújörð en bærinn er byggður úr landi Mosfells. Fyrst er Minna-Mosfell nefnt í svokölluðum Fógetareikningum frá árunum 1547-1552. Þá er bærinn í eigu Danakonungs og kallaður „Mijndemossefeldt“. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1704 er hann enn í eigu konungs og þar segir m.a. um jörðina:

Kvikfénaður 5 kýr, ein kvíga tvævetur, ein veturgömul, einn kálfur, 18 ær með lömbum, ein geld, einn sauður gamall, tveir þrevetur, 6 tvævetur, 8 veturgamlir, einn hestur, tvö hross, einn foli veturgamall.

Fóðrast kann 3 kýr, eitt ungneyti.

Heimilismenn fjórir.

Torfrista og stunga lök.

Eldivíðartak af móscurði gott.

Engjar nær öngvar.

Landþröng mikil.

Selstaða var áður brúkuð frí þar sem nú eru Skeggjastaðir.

Hætt er bæði túnnum og bæ fyrir snjóflóðum.

Það er síðan af Minna-Mosfelli að segja að árið 1847 er jörðin komin í bændaeigu og er einn leiguliði ábúandi.

Á þessari öld bjuggu Skarphéðinn Sigurðsson og Katrín Guðmundsdóttir og síðan Guðmundur sonur þeirra samfleytt í 60 ár á Minna-Mosfelli. Þau Skarphéðinn og Katrín komu þangað árið 1937 en áður bjuggu þau í Viðey um sex ára skeið.

Guðmundur tók endanlega við búinu við fráfall föður síns og eignaðist hluta af jörðinni. Hann hefur nú selt eignir sínar og flutt niður í Mosfellsbæ.

Búskapurinn á Minna-Mosfelli var annálaður fyrir snyrtimennsku og reglusemi í tíð Skarphéðins og Katrínar og síðan Guðmundar. Það var eitt sinn haft eftir Kjartani Magnússyni á Hraðastöðum: „Já hann Guðmundur á Minna-Mosfelli; hann er nú bóndi af guðs náð!“

B.B

SS GÍSLASON
VIÐGERÐIR H.F.
SMIDSHÖFÐI II

SÍMI: 587 2060

Gamlir munir frá Æsustöðum

Síðastliðið sumar afhenti Hlíf Gunnlaugsdóttir ýmsa muni Mosfellsbæ að gjöf en þeir voru úr eigu hennar og Hjalta Þórðarsonar á Æsustöðum. Sumir gripanna eru frá foreldrum Hjalta, en þeir hétu Þórður Jónsson og Kristín Vigfúsdóttir. Þá eru munir sem voru í eigu Guðrúnar Jónsdóttur en hún varð landsfræg af Innan-sveitarkroniku Halldórs Laxness. Guðrún andaðist á Æsustöðum árið 1936.

Meðal munanna má nefna gamlan riffil, prjónastokk, lýsiskolu, gamlar svipur og

svokallaðan fyrirristuhníf. Tvö feikna mikil hrútshorn eru á meðal gripanna en þau prýddu eitt sinn höfuð hrútsins á Æsustöðum.

Hann hét Hvítur en var skorinn eins og allt fé á stóru svæði upp úr 1950 vegna mæðuveiki.

Mosfellsbær hyggur nú á skipulagða söfnun gamalla muna úr Mosfellssveit og eru munirnir frá Æsustöðum þeir fyrstu af því tagi sem komast í eigu bæjarins. Einhver hafði á orði að í Mosfellsbæ væri minnsta bygðasafn á Íslandi! En mjór er mikils vísir.

Hestaleigan Laxnesi

BÍLAVERKSTÆÐI
GUÐVARÐAR og KJARTANS



Pilus
Hárisnyrtistofa



Sími 566 6090

Grasavinafélagið

Túnpökusala
Reykjavegi 65

S - 8560700 / 8960700

Spænska veikin í Helgadal 1918

Eins og fram kemur á öðrum stað í blaðinu tók Guðjón Sigurður Jónsson í Helgadal kornungur við búi ásamt móður sinni. Það átti þær skýringar að Jón faðir hans lést úr spönsku veikinni árið 1918 frá konu og 12 börnum. Húsfreyjan Ingibjörg Jónsdóttir veiktist einnig og ól andvana tvíbura í lok nóvember.

Öldin okkar greinir svo frá þessu hörmungum í Helgadal árið 1918:

Fæddi tvíbura á sóttarsæng

Í Helgadal í Mosfellssveit bjuggu hjón með 12 börnum sínum, en þau höfðu alls eignast 14 börn. Bóndinn hét Jón Jónsson. Veikin barst þangað og lést bóndinn frá konu og börnum innan skamms. Húsfreyjan veiktist, svo og mörg börnin, og var heimilið ósjálfbjarga. Meðan konan lá sjúk, fæddi hún tvíbura andvana, og hafði hún þá eignast 16 börn. Reynt var að veita heimili þessu brýnustu hjálp og fjársöfnun hafin. Þegar heimilisfaðirinn og börnin voru jörðuð lá konan dauðveik.

Þau Jón og Ingibjörg höfðu flutt í dalinn í kringum síðustu aldamót. Fyrst bjuggu þau að Mosfelli en þar var þá prestslaust, presturinn bjó að Lágafelli. Árið 1904 kom prestur aftur að Mosfelli og var það séra Magnús Þorsteinsson. Jón og Ingibjörg fluttu þá í Helgadal og þar lést Jón úr spönsku veikinni eins og áður greinir. Ingibjörg húsfreyja lifði veikina af og andaðist árið 1948.

Eftir þetta mikla áfall var sumum systkinanna frá Helgadal komið fyrir á öðrum bæjum í sveitinni, m.a. Álafossi, Varmá og Hríbrú.

B.B.

Mosraf

Ferðapjónustan
Frá hvirfli til ilja
Sími: 566 7098 / 566 8254

Bjarki Bjarnason

Gróðrarstöðin
Dalsgarður

SMUR- OG HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
FYRIR ÖLL FARARTÆKI



MIKID ÓRVAL VETVARDEKKJA Á LAGER
BAJARDEKK
SMUR - OG HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

Hlin
Blómahús
Mosfellsbæ



Háholli 24 við Vesturlandsveg
Sími: 566 8588

Verið velkomin

Starfsfólk Íslandsbanka Mosfellsbæ
Þverholti 6 • 270 Mosfellsbæ • Sími 5-666080

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu Dalalæðunnar

Valgerður og Andrés á
Laugabóli

Sigríður Halldórsdóttir í Jónstótt

Kolbrún og Pétur á Brávöllum

Klara og Bjarni á Hraðastöðum

Signý og Jón á Furuvöllum

Porkell Jóelsson og aðrir
Túnfætlingar

Bryndís og Reynir á Víði

Herdís og Hreinn í Helgadal

Félagsbúið á Hrísbú

Erna og Stefán í Árvangi

Guðjón Bjarnason í Seljabrekku

Puríður og Skúli í Röðli

Kvikmyndafélagið Umbi

**Kærar þakkir fyrir
stuðninginn!**

Þóra og Bjarki á Hvirfli

ANNÁLL ÁRSINS 1997

ÞORRABLÓT 1997

var haldið í Harðarbolli þann 8. febrúar. Eins og venjulega tókst skemmtunin vel í alla staði og var mæting góð. Eitthvað var um það að óviðkomandi vildu komast inn á dansleikinn og var um kennt nálægð við byggðina í Mosfellsbæ. Var ákveðið að flytja næsta blót í Kiwanishúsið í Leirvogstungu.

HVERFAFUNDIR

bæjarstjórnar Mosfellsbæjar voru tveir í Mosfellsdal á nýliðnu ári. Þann 20. febrúar héldu bæjaryfirvöld fund með íbúum í suðvesturhluta dalsins. Þar voru kynntar hugmyndir að deiliskipulagi fyrir þetta smáhorn af dalnum. Bæjaryfirvöld vilja að íbúarnir standi að einhverju leyti undir kostnaði við þetta deiliskipulag en því hafa íbúar á svæðinu mótmælt. Ekki hafa fengist byggingaleyfi á umræddu svæði þar sem skipulag þetta liggur ekki fyrir en á meðan eru byggingarleyfi veitt annars staðar í dalnum án deiliskipulags.

Þá héldu bæjaryfirvöld hverfafund með dalbúum þann 3. desember þar sem bæjarmálin voru rædd almennt. Kom fram á þessum fundi að yfirvöld hafa í athugun að gera vetrarbilastæði norðan þjóðveggar á móts við Reykjahlíðar- og Dalsgarðsafleggjara. Víghóll hefur nokkrum sinnum vakið máls á slíku en ekki fengið neinar undirtektir þar til nú. Gott væri ef þessi bilastæði yrðu að veruleika sem fyrst.

BRÉF TIL BÆJARSTJÓRNAR

Síðastliðið vor sendi stjórn Víghóls bréf til bæjarstjórnar þar sem farið var fram á að gætt yrði hagsmuna íbúa Mosfellsdal þegar nýrri aðveitustöð fyrir rafmagn yrði valinn staður. Óskað var eftir því að hún yrði sem lengst frá mannabústöðum. Síðustu fréttir herma að leitað sé að landi undir mannvirkni í Helgafellslandi í mynni Mosfellsdals, gegnt Oddsbrekkum.

Einnig voru í fyrrnefndu bréfi tillögur vegna línulagna og mannvirkjagerðar í landi Mosfellsbæjar, bæði í byggð og á heiðum uppi.

ÁRAMÓTABRENNNA

Brennunni var að þessu sinni valinn nýr staður í landi Mosfellskirkju skammt fyrir ofan brúna yfir Köldukvísl og veitti séra Jón Þorsteinsson góðfúslegt leyfi til brennunnar. Þótti vel til takast með brennustæðið og fuðraði kösturinn upp fljótt og vel við glymjandi lúðrablastur frá „Braki og brestum“, þeirri stórfrægu lúðrasveit dalbúa.

Sem dæmi um það hve eftirsóknarvert er að komast í þessa staðbundnu lúðrasveit okkar er að ágætur maður sem býr „niðri í sveit“ sótti um að komast í hljómsveitina á þeirri forsendu að hann væri verðandi dalbúi. Þegar „maestro“ Keli innti hann eftir því hvar hann hygðist búa í dalnum svaraði hann um hæl: Ég er búinn að panta pláss í nýja kirkjugarðinum!”

Þá kom hornleikari alla leið frá Ítalíu og þótti mikil upphæð að blása með „Braki og brestum“ við áramótabálið í Mosfellsdal.

AÐALFUNDUR

Tvisvar var búið að ákveða fundartíma fyrir aðalfund Víghóls en aflýsa þurfti fundinum í bæði skiptin. Í fyrra skiptið var hverfafundurinn haldinn og í seinna skiptið voru haldnir stórgóðir aðventutónleikar í Mosfellskirkju þar sem fullt var út úr dyrum.

Þótti stjórninni þá nóg komið af fundarmálum og var ákveðið að sameina aðalfundi fyrir 1997 og 1998 og halda snemma í nóvember á þessu ári. Í stjórninni sitja nú Auður Eiríksdóttir, Laugabóli, formaður; Sigurður Skarphéðinsson, Sigtúni, gjaldkeri og Ásgerður Gísladóttir, Hrísrú, ritari.

Auður Eiríksdóttir